

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um ábendingar Ríkisendurskoðunar um mannauðsstjórnun.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvenær og hvernig hyggst ráðherra fara eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar í skýrslu um mannauðsstjórnun frá janúar 2011 um að:

- a. breyta þurfi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og einfalda reglur þeirra um starfslok ríkisstarfsmanna, þ.m.t. skyldu til áminningar,
- b. veita ætti forstöðumönnum stofnana lagaheimild til starfslokasamninga við starfsmenn,
- c. kanna þurfi hvort rétt sé að færa ákvæði starfsmannalaga í kjarasamninga,
- d. auka þurfi aðstoð við forstöðumenn í starfsmannamálum?